VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

VEIÐIMÁLASTOFNUN
NORÐURLANDSDEILD
HÓLUM I HJALTADAL
551 SAUÐARKRÓKI

Tumi Tómasson

LAXÁ Í REFASVEIT 1985.

Hólum, apríl 1986.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

1986 N / 86008

INNGANGUR.

Dagana 30. og 31. ágúst 1985 var gerð athugun á þéttleika og vexti laxaseiða í Laxá í Refasveit. Athugunin nú var með svipuðu sniði og 1984 (Tumi Tómasson, 1985), nema að nú var veitt á 11 stöðum á móti 16 árið áður.

Árið 1984 var sleppt 3000 sumaröldum seiðum á vatnasvæðið. Þeim var sleppt í kringum Núp og í Norðurá fyrir framan Þverá. Sumarið 1985 var sleppt um 12700 smáseiðum. Þeim var sleppt í Laxá frá Njálsstöðum og fram fyrir Skrapatungu, og í Núpshólana, og í Norðurá á 1 km. kafla frá ármótum og fyrir framan Þverá. Sleppt var 27. júní.

Í athugunum 1984 og 1985 var útbreiðsla og vöxtur sleppiseiða og náttúrulegra laxaseiða sérstaklega athuguð. Alls bárust 18 hreistursýni frá veiðimönnum. Með greiningu á aldri og vaxtarmynstri hreistursins er oft hægt að gera sér grein fyrir uppruna laxins, sem hreistrið var tekið af.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA.

Til að auðvelda samanburð eru notuð sömu númer á rafveiðistöðum og gert var 1984. Alls var veitt á 11 stöðum, þar af voru 3 sem ekki hafði verið veitt á 1984. Rafveiðistaðir 1984 og 1985 eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Fjöldi, stærð og aldur veiddra laxaseiða er gefin í töflu 1. Veidd var ein yfirferð á hverjum stað, og er líklegt að veiðni hafi verið um 30% fyrir stærri seiðin, en töluvert minni fyrir náttúruleg vorgömul seiði.

Í efri hluta Laxár (st. 2, 4 og 5) veiddust aðallega seiði úr sleppingunni 1982 (3+), en á þessum stöðum voru sleppiseiði frá 1981 uppistaðan í rafveiðunum 1984 (Tumi Tómasson, 1985). Seiðaþéttleikinn er nú mun minni en þá. Það er ljóst að afgangurinn af 1981 sleppingunni hefur farið til sjávar vorið/sumarið 1985, þá sem 4+. Restin af 1982 sleppingunni fer út vorið /sumarið 1986. Þetta telst mjög slakur vöxtur hjá sleppiseiðum. Þrjár orsakir gætu legið hér að baki.

1. Áin er fremur skjóllítil framantil.
2. Áin er eðlilega kaldari framantil og því vaxtartími laxaseiða styttri þar á ári hverju en neðar í ánni.
3. Tvö mjög köld sumur, þ.e. 1981 og 1983 hafa komið síðan sleppt var.
4. Áin ber tiltölulega lítið af seiðum á þessum kafla og hugsanlega hafi sleppingar verið of stórar.

Í Núpshólunum eru skilyrði fyrir laxaseiði nokkuð góð. Þar voru 3+ seiði mun vænni en ofar í ánni. Hinsvegar bar mjög lítið á sleppingunum frá 1984 og 1985.

Á veiðistað 6, hjá Skrapatungu, fundust náttúruleg vorgömul laxaseiði, sem bendir til að ræktunarstarfið þokist í rétta átt. Áður hafa náttúruleg seiði efst fundist um 5 km neðar. Sleppiseiðin sem veiddust á þessum stað voru fremur mjóslegin. Þarna rennur áin nokkuð brött og þröng. Botninn er sorfinn og æti því af skornum skammti.

Við Njálsstaði, á veiðistað 8, fengust einungis sleppiseiði. Þau voru vel á sig komin. Þarna er áin grunn og breið, og merki um betri framleiðsluskilyrði en við Skrapatungu.

Á milli veiðistaða 9 og 10, skammt fyrir neðan gömlu brúna, var veitt á tveimur stöðum . Annars vegar var veitt í aðalánni á nokkuð stóru svæði. Þar er malarbotn í ánni, og hún brött, þröng og straumhörð. Botninn þar er á hreyfingu, sorfinn og því ekki von til að framleiðsla geti verið mikil. Einnig var veitt í lítilli kvísl sem rennur að vestanverðu. Stór björg báru vitni tilraunum til að beina ánni allri í einn farveg. Í þessari lænu fengust nokkur laxaseiði, sérstaklega innan um björgin. Það er eflaust til bóta fyrir uppeldi seiða að leyfa ánni að renna dreifðri, og mjög æskilegt að bera í hana stórgrýti. Grjótið gefur botninum stöðugleika, eykur framleiðslu og veitir skjól fyrir seiðin.

Neðst í Laxá (staður 12) fengust fjórir árgangar náttúrulegra seiða. Vöxtur þeirra er nokkuð viðunandi. Seiðin fara flest út á 4 árum, en á þessum neðsta kafla þar sem náttúruleg framleiðsla er, fara sennilegast flest seiði út eftir 3 og 4 ár í ánni.

Framarlega í Norðurá fékkst mikið af 0+ sleppiseiðum. Seiðin voru mjög misjöfn, flest rýr. Þetta eru dæmigerð einkenni of mikils ásetnings, enda má áætla að þarna hafi verið um 4 seiði per lengdarmetra, sem er helmingi meira en ég hefði talið æskilegt að sleppa.

Neðst í Norðuránni fengust einungis sleppiseiði. Seiðin úr sleppingunni 1985 voru vel á sig komin, og seiðin sem voru eftir frá 1982 (3+) voru öll kynþroska hængir. Flest seiðin úr þessari sleppingu hafa eflaust farið út vorið 1985.

NIÐURSTÖÐUR ALDURSGREININGA Á HREISTRI.

Alls bárust 18 hreistursýni frá veiðimönnum. Sjö voru af löxum, sem dvalist höfðu 2 ár í sjó. Þar af voru fjögur af löxum sem sleppt hafði verið sem smáseiðum 1981. Af ellefu sýnum af smálöxum, voru tvö af löxum sem rekja má til sleppingar 1981, og eitt af laxi sem sleppt hafði verið sem gönguseiði 1983, en ekki farið út fyrr en ári seinna. Óvissara

er um uppruna hinna smáseiðanna. Greining einstakra sýna er á sér blaði sem fylgir skýrslunni.

Enginn laxanna var frá sleppingunni 1982. Þess ber að geta að þetta voru fá sýni og ef meta á árangur sleppinga með þessum hætti er nauðsynlegt að miklu fleiri sýnum sé safnað.

HEIMTUR MERKTRA LAXA.

Sumarið 1983 var sleppt rúmlega 4000 örmerktum gönguseiðum. Merkið er örsmá málmflís í trjónu fisksins, en jafnframt var veiðiuggi seiðanna klipptur af, til að hægt væri að þekkja merkta fiska. Sumarið 1985 bárust 7 sýni af veiðiuggaklipptum löxum frá veiðimönnum, og 3 veiðiuggaklipptir laxar komu fram þegar dregið var á í klak.

Af löxunum sem veiðimenn veiddu hafði 6 verið sleppt í Laxá í Refasveit 1983, en einum hafði verið sleppt í Vopnafirði, og var sá ættaður úr Kollafirði. Af klaklöxunum fannst ekkert merki í einum, einum hafði verið sleppt í Laxá í Aðaldal og einum í Miðfjarðará. Vitað er um tvo merkta laxa sem sleppt var sem seiðum í Laxá í Refasveit, en sem veiddust annarsstaðar. Annar veiddist í ádrætti fyrir klaklax í Héraðsvötnum, en hinn tók agn sportveiðimanns í Fjarðará í Siglufirði.

ÁLYKTANIR.

Í neðsta hluta Laxár rennur áin brött í þröngum farvegi. Víðast er möl í botni, hreyfing á botnefnum og botninn sorfinn. Þar er því tiltölulega lítil framleiðsla og því verður að varast að ásetningur verði ekki of mikill. Þarna má e.t.v. bæta uppeldisskilyrði með grjótburði, og einnig með því að láta ána renna í kvíslum þar sem þess er kostur.

Ofar í Laxá og í Norðurá, eru enn stór svæði þar sem uppeldisskilyrði eru góð, en lítil eða engin náttúruleg framleiðsla. Þar tel ég að sé þess virði að sleppa smáseiðum, eða grafa hrogn. Mikilvægt er að fjöldi sleppiseiða og þau svæði sem þeim er sleppt á séu nákvæmlega skráð. Þá er hægt að reikna út seiðaþéttleika við sleppingu og með rafveiðum má fá nokkuð góða mynd af afkomu sleppiseiða.

Ræktunarstarf verður ávalt að taka mið af ástandi hvers tíma og því er mikilvægt að halda áfram reglubundnum athugunum. Með slíkum athugunum og aldursgreiningu hreistursýna af fullorðnum laxi, má sjá uppruna laxa sem veiðast. Þá er nauðsynlegt að auka verulega sýnatöku af veiddum laxi frá því sem verið hefur.

HEIMILDIR.

Tumi Tómasson, 1985. Athugun á Laxá í Refasveit, 1984. Skýrsla Veiðimálastofnunar 7 bls.

TAFLA 1. Niðurstöður rafveiða í Laxá í Refasveit 30. og 31. ágúst 1985.

Veiði staður	stærð veiðis.	Fjöldi/meðall.(mm) laxaseiða				
		0+	1+	2+	3+	Aths.
2.	120x60 m	-	-	-	7/122	sleppis.*
4.	50x15 m	-	-	-	8/139	sleppis. 3 bl.
5.	40x15 m	1/65	1/104	-	8/132	sleppis.
6.	30x15 m	15/40				náttúrul.s.
6.	30x15 m	16/62	2/112	-	-	sleppis./rýr.
8.	50x15 m	13/68	-	1/133	-	sleppis./væn.
9-10.	20x10 m	1/35	-	-	-	nátturul.s.
9-10.	100x3 m	4/45	4/77	-	8/125	náttúrul.s. 6 urr. 1+/87
12.	20x15 m	17/41	5/71	6/91	11/109	náttúrul.s.
14.	25x7 m	37/62	3/86	-	2/115	sleppis./rýr
16.	40x15 m	-	-	-	4/136	kynþr.hængar
17.	25x15 m	9/69	-	-	1/130	sleppis./væn.

* eitt laxaseiði 4+/147 mm í göngubúning



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 30.-31. ágúst 1985.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

PÓSTHÓLF 754 – 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: LAXÁ Í REYKJADAL

Sendandi: ARNI Á SÖKKVABAKKA

Fisktegund: LAX

Fjöldi sýna: 18

Veiðiár: 1985

Númer	Veiðidagur	Kyn	Lengd í cm.	þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	7/7	♂	72	4.0	2	2	sleppt aftur
2	12/7	♀	68	5.0	4	2	
3	"	♀	79	5.0	2.	2.	sleppt aftur
4	"	♀	56	1.8	4	1	
5	"	♀	80	5.0	2	2	sleppt aftur
6	"	♂	94	7.0	5	2+	
7	"	♀	80	5.0	óvíst	2+	
8	"	♀	74	4.0	2+	2.	sleppt aftur
9	"	♀	63	2.0	4	1	
10	23/8	♀	68	3.0	3+	1+	sleppt aftur
11	24/8	♂	64	2.5	3+	1+	sleppt aftur
12	"	♂	62	2.0	3+	1+	
13	"	♂	64	2.5	3+	1+	
14	26/8	♀	59	2.0	4+	1+	
15	"	♂	66	3.0	gs 1+	1+	sleppt aftur gönguseiði
16		♂	61	2.5	3+	1+	
17	"	♂	66	2.5	óvíst	1+	
18	27/8	♀	63	2.5	3+	1+	